


ÁSGRÍMUR JÓNSSON

ALDAR-MINNING

Löngum er ársins 1904 minnst sem merks áfanga í sögu landsins. Þá stígur fyrsti íslendingurinn í innlendan ráðherrastól og þjóðin öðlast þar með heimastjórn. *Á fleira má þó minnast.* Um svipað leyti og Hannes Hafstein fetaði sín fyrstu ráðherraspor, bar að Íslandi með stuttu bili tvo unga menn, fyrsta íslenska arkitektinn og fyrsta íslenska listmálarann. Ísland var líka að eignast heimastjórn í listum. Tæplega var þetta tilviljun. Árangur sleitulausrar baráttu fyrir fullveðja þjóðlífi var að koma í ljós. Íslendingar taka að finna til getu sinnar á öllum sviðum, þeir voru að öðlast sjálfstraust. Ekki fór hjá því, að myndlistin yrði með í leik, heft listþörfin var að brjótast fram með aukinni hagsæld. Sá sem í fyllingu tímans hóf hið fallna merki á loft, sá sem fyrstur fann á sér veðrabrigðin, var bóndasonur austan úr Flóa, Ásgrímur Jónsson, frumherji og faðir íslenskrar nútímamálaralistar. Það var mikið lán.

Auðvitað var ekki sjálfgefið mál að upphaf íslenskrar nútímalistar yrði með þeim glæsibrag sem raun bar vitni. Að vísu var hugur í þjóðinni, augu hennar voru bernskufersk í þennan tíma og forvitin, hún ætlaði sér áreiðanlega mikinn hlut. Til þess þurfti hún ráðna og dugmikla menn, en framar öllu gáfaða og skapsterka, sem ekki létu lágkúruna rugla sig í ríminu. Lán íslenskrar myndlistar í endurnýjun lífdaga sinna var m.a. fólgið í því að frumkvöðlar hennar bjuggu í ríkum mæli yfir þessum eiginleikum. Þeir léðu aldrei öðru eyra en hinni ítrustu listrænu kröfu. Ásgrímur Jónsson var þar fremstur í flokki. Mér er einmitt minnistæðust alvaran í fari Ásgríms, skapfestan, en ekki síst hendur hans. Þær voru líkt og fjörmiklir hestar sem hann gat tæpast hamið. „Margvíslegt útsýni opnaðist" þessum sterklegu en flugnæmu höndum. Í fylgd með listinni, alvörunni og skapfestunni drógu þær huluna af augum þjóðarinnar, með þeim opnaði Ásgrímur henni nýjar víddir landsins. En framar öllu hleypti hann birtunni inn. Ég held að hinn sikviki veðurhjúpur og ljósið sem um hann leikur hafi verið Ásgrími ástsælast viðfangsefni. Með léttum áslætti birtir hann okkur Ísland í nýju ljósi.


Að hætti manna með skaplyndi Ásgríms var listferill hans jöfn og þung sókn, frá festu til frelsis, laus við útúrdúra og sérvisku. Áfangaskil má þó greina. Heklumyndin stóra frá 1909, eitt tilkomumesta verk í íslenskri list, markar fyrstu sóknarlotu. Í þeirri mynd er hann fullburða, fullveðja. Þegar tímar líða losar Ásgrímur smátt og smátt um hin föstu tök. Klassísk viðhorf víkja fyrir nýlist. Breytileiki birtunnar hið ytra samfara innri nauðsyn krefjast nýrra vinnubragða, léttari og ljósari lita. Í vitund Ásgríms býr ennig minningin af kynnum hans af ljóslitamálurum impressionismans. Allt þetta gerjast með honum um skeið uns það brýst út af fullum krafti í vetrarmyndum er hann gerði í námunda Hafnarfjarðar um og eftir 1929. Þarna var þá annar áfangi. Sá þriðji og seinasti á og kveiku sína að þakka snertingum við heimslistina. Ásgrímur varð að leita sér lækninga erlendis árið 1938. Af því tilefni gafst honum tækifæri til að endurnýja kynni sín við frönsku impressionistana. Heimkominn léttir hann enn tökin og lýsir litina, þeir beinlínis hvirflast um mynddúkinn í ætt við fjörið í höndum hans. Í stuttu máli, Ásgrímur, sem kominn er hátt á sjötugsaldur, er í list sinni eins og ungur ákafamaður. Í sumum Húsafellsmyndanna seinustu fer hann á kostum.

Segja má, að hér á undan hafi verið lýst langsniði af list hans. En þversniðið er einnig þríþætt og bundið efnisgerð og efnisvali: meginþátturinn er að sjálfsögðu oliumyndirnar þar sem landslagið er svo til einrátt. Annar þáttur mjög mikilvægur er vatnslitamyndir hans. Í þeim dvelst hann löngum við að lýsa landi sínu. Þar bregður þó fyrir öðru myndefni sem Ásgrími var alla tíð mjög kært. Ég á við íslenskar þjóðsögur. Þriðji þátturinn er svo teikningarnar sem næstum eingöngu eru helgaðar þjóðsögum. Hinn tæri léttleiki vatnslitanna féll ágætlega að listrænu skaplyndi Ásgríms, þeir áttu svo vel við myndsýn hans. Sum verkanna úr því efni eru með því besta sem hann hefur gert og því besta í íslenskri list. Lengri viðkynningar þyrfti ég með til að meta teikningar hans.

Í lifanda lífi ánafnaði Ásgrímur Jónsson íslenska ríkinu hús sitt ásamt öllum verkum sínum, sem í hans eigu voru. Við lát Ásgríms, 10. apríl 1958, kom það í hlut frændkonu hans frú Bjarnveigar Bjarnasóttur að hlú að safni og minningu Ásgríms. Á elliárum hans hafði hún reyndar verið honum stoð og stytta og annaðist hann í sjúkdómslegunni af þeirri natni og ástriki sem konum einum er lagið. Engum ofsögum er af því sagt hversu frábærlega vel frú Bjarnveig hefur sinnt safni Ásgríms. Með sínum alkunna dugnaði, snyrtimennsku og smekkvísi hefur hún komið því í það horf að til fyrirmyndar er. Auðvitað var það henni ekki nóg. Með útsjónarsemi, elju og aðstoð góðra manna, hefur henni tekist á þeim árum, sem liðin eru frá andláti Ásgríms, að láta gera við og hreinsa allar þær myndir safnsins sem þess þurftu með og ganga frá öllum til framtíðarvarðveislu svo að vart getur betra talist. Nálægt því verki hafa ekki aðrir komið en færustu fagmenn, jafnt innlendir sem útlendir. Íslensk myndlist stendur í óbættri þakkarskyld við þessa höfðinglunduðu konu.

Það er vel við hæfi og þakkarvert að nú á aldaræfmæli Ásgríms Jónssonar skuli efnt til sýningar á allri gjöf hans í fyrsta sinn. Íslendingum verður þá vonandi ljóst hvílíkan auð þeir eiga í list Ásgríms. Þakka ber einnig Reykjavíkurborg fyrir aðstoð við sýningarhaldið og þeim mönnum er því hafa stjórnað. Það er gott til þess að vita að hinn merki listviðburður, sýning á gjöf Ásgríms Jónssonar skuli verða einskonar endurnýjun lífdaga listasalanna á Miklatúni, líkt og list Ásgríms var í upphafi þessarar aldar.

Hörður Ágústsson.



Úr Húsafellsskógi



Strútur, stormur í aðsigi